

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 75/1979. **Eiríkur Ásmundsson**
 (Árni Halldórsson hrl.)
 gegn
Síldarvinnslunni h/f
 (Benedikt Sveinsson hrl.).

Lögbannskröfu synjað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. apríl 1979. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, sem ákveðin kann að verða. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að áfrýjanda verði gert að setja tryggingu að fjárhæð 200.000.000 krónur vegna væntanlegs tjóns síns, ef lögbannskrafan verður tekin til greina.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Áfrýjandi krafðist lögbanns við loðnuflutningi stefnda í geymslugrunn þann, sem í málinu greinir, hinn 10. febrúar 1979. Hann áfrýjaði ekki synjunarúrskurði fógeta, uppkveðnum næsta dag, fyrr en 5. apríl 1979, en þá var loðnubræðslu stefnda á þeirri vertíð lokið fyrir nokkru, að því er upplýst var við málflytning fyrir Hæstarétti. Einnig kom þar fram, að loðnubræðslu stefnda á vetrarvertíð 1980 er nú lokið. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að leggja fyrir fógeta, að verða við lögbannskröfu áfrýjanda að sinni. Á áfrýjandi þess kost að leita dóms í almennu einkamáli um ágreining aðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar
og Björns Sveinbjörnssonar.**

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal uppdráttur af vettvangi og „minnispunktur“ Heilbrigðiseftirlits ríkisins 5. febrúar 1980.

Samkvæmt því, sem fram kemur af gögnum máls, stendur íbúðarhús áfrýjanda ofan og norðan við Naustahvamm og er nr. 12 við þá götu. Húsgrunnur sá, sem stefndi notar til loðnugeymslu, er neðan og sunnan við götuna, milli hennar og sjávar.

Í „minnispunktum“ Heilbrigðiseftirlits ríkisins kemur m. a. fram eftirfarandi: „Grunnurinn er um tuttugu metra frá húsi Eiríks, sem er eina húsið svona nálægt, en um 100 m eru í næstu tvö hús og um 500 metrar í aðalbyggðina. . . .“

Aðalvegur frá bænum liggur fyrir ofan hús Eiríks, en sá vegur, sem ekið er um að nefndum grunni, þar sem hráefnið er geymt, er gamli aðalvegurinn, og liggur hann við húsgarð hjá Eiríki um 10 m frá húsinu, en neðan götunnar er nefndur húsgrunnur.

Byrjað var að nota húsgrunninn sem hráefnisgeymslu 1976, og er hann óyfirbyggður, um 60 m langur og 17 m á breidd og veggir um 2½ m, og mun hann taka í kring um 3 þús. tonn. Þetta mótsvarar því, að 3—400 bílhöss fari í grunninn, en það mótsvarar 6—800 ferðum . . .“.

Framangreindur húsgrunnur var notaður til loðnugeymslu um tíma á loðnuvertíðinni í vetur, og fram kom við munnlegan flutning máls þessa fyrir Hæstarétti, að stefndi hefur í hyggju að nota hann til loðnugeymslu á næstu loðnuvertíð.

Áfrýjandi hefur ítrekað kvartað til heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar yfir notkun stefnda á húsgrunninum til geymslu fyrir loðnu. Af fundargerðum heilbrigðisnefndar kemur fram,

að nefndin hefur ekki bannað loðnugeymslu í húsgrunninum, en krafist þess á fundi sínum 7. febrúar 1978, að stefndi hlitti ákveðnum reglum við loðnugeymsluna. Af bréfi nefndarinnar til stefnda 6. febrúar 1980 verður séð, að misbrestur hefur orðið á, að hann færi eftir þessum reglum.

Lögbannskrafa áfrýjanda er á því byggð, að notkun húsgrunnnsins til loðnugeymslu valdi honum óþolandi fnyk og loftmengun. Þá valdi flutningur loðnu í húsgrunninn og úr honum með bifreiðum, sem fram fari á öllum tímum sólarhrings, slíkum hávaða, að ekki sé svefnfriður í húsi hans. Áframhaldandi notkun húsgrunnnsins til loðnugeymslu sé fyrirhuguð af stefnda og sé áfrýjanda því nauðsynlegt að koma í veg fyrir það með lögbanni.

Af hálfu stefnda er lögð áhersla á, að hann mundi verða fyrir tugmilljóna króna fjárhagstjóni, ef honum yrði meinuð notkun húsgrunnnsins til loðnugeymslu. Hagsmunir þeir, sem séu í húfi fyrir hann, séu miklum mun meiri en hagsmunir áfrýjanda. Hann byggir einnig á því, að tilefni lögbannskröfunnar sé niður fallið, þar sem krafan hafi upphaflega verið bundin við geymslu loðnu á vertíð þeirri, sem lauk í mars 1979.

Eins og áður segir, hyggst stefndi nota umræddan húsgrunn áfram til loðnugeymslu. Áfrýjandi á því rétt á að fá úrlausn um það, hvort lögbannskrafa hans skuli tekin til greina. Ekki verður skorið úr ágreiningi aðilja um hagsmunamat í fógetaréttarmáli þessu. Ljóst er af því, sem að framan er rakið, að ástand það, sem áfrýjandi hyggst koma í veg fyrir með lögbanni, hefur í för með sér veruleg og óvenjuleg óþægindi fyrir hann. Þykir ekki ástæða til, eins og hér stendur á, að synja lögbannsbeiðni hans, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 26. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að fella hinn áfrýjanda úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, sem hann metur gilda.

Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi haft uppi málskostnaðarkröfu í héraði, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, sem hann metur gilda.

Stefndi, Síldarvinnslan h/f, greiði áfrýjanda, Eiriki Ásmundssyni, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 10. febrúar 1979.

Eiríkur Ásmundsson, Naustahvammi 12, Neskaupstað, hefur með lögbannsbeiðni, dags. 10. febrúar 1979, krafist þess, að lagt verði lögbann við því, að Síldarvinnslan h/f í Neskaupstað flytji loðnu í skemmugrunn fyrir neðan íbúðarhús sitt að Naustahvammi 12 í Neskaupstað. Skuli gerðin fara fram á hans ábyrgð gegn þeirri tryggingu, er ákveðin kunni að verða.

Gerðarþoli, Síldarvinnslan h/f, hefur krafist þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar.

Sáttatilaunir fógeta hafa engan árangur borið.

Gerðarbeiðandi telur loðnuflutning í nefndan grunn, sem þegar er hafinn og stendur til að halda áfram, raska með ólögsmætum hætti rétti sínum með mengun, er af honum hlýst.

Gerðarþoli hefur bent á, að nefndur grunnur, sem er á lóð gerðarþola, hafi verið notaður til þess að geyma loðnu í af og til allt frá árinu 1976, og telur hann þessa notkun hans eigi lögbrot.

Þar sem ljóst þykir, að hagsmunir þeir, er metnir verða til peningaverðs og tengdir eru því að nota nefndan skemmugrunn til geymslu á loðnu eru mun meiri en þeir, sem tengjast því að banna umrædda notkun þegar í stað og að hér er ekki um varanlega röskun að ræða, þar sem ganga verður út frá því, að loðnan, sem sett er í grunninn, verði tekin til vinnslu innan stutts tíma, þykja eigi efni til þess að verða við kröfu gerðarbeiðanda um lögbann.

Engin krafa hefur verið gerð um málskostnað í máli þessu, og verður hann því eigi úrskurðaður.

Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögbannsgerð skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður úrskurðast eigi.